



SAMSTARF MYNDLISTARSKÓLA OG LEIKSKÓLA

Leikskólinn Dvergasteinn
Myndlistaskólinn í Reykjavík

Skapandi barn er næmt á umhverfið og umhverfið frjóvgar hug þess

Efnisyfirlit

1. Inngangur:	2
2. Aðdragandi og forsendur:	3
3. Áætlun verkefnisins	4
Fyrri hluti.	4
Síðari hluti	5
4. Markmið	7
Markmið kennslunnar	8
Markmið verkefnisins	9
5. Skólarnir	10
6. Áhrif verkefnisins á skólana	23
Dæmisögur úr kennslustundum	30
7. Mat	36
8. Áhrif verkefnisins 2001-2002	47
Ávinningur verkefnisins	47
9. Lokaorð	51

1. Inngangur:

Skýrsla þessi fjallar um SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA. Samstarfsverkefnið var þróunarverkefni sem unnið var af Myndlistaskólanum í Reykjavík og leikskólanum Dvergasteini. Verkefni þetta var unnið í tveimur áföngum. Fyrri hlutinn frá haustinu 1999 til vorsins 2001 og síðari hlutinn frá haustinu 2001 til vorsins 2003. Verkefnið hlaut styrk úr þróunarsjóði Leikskóla Reykjavíkur og þróunarsjóði fyrir leikskóla á vegum Menntamálaráðuneytisins.

Í þessari skýrslu er fjallað um aðdraganda og forsendur verkefnisins, markmið, undirbúning, skipulag og vinnuaðferðir, og mat á því hvernig til tókst. Skýrslunni fylgja einnig verkefni Svölu Jónsdóttur, lektors við Kennaraháskóla Íslands, LEIKSKÓLABÖRN Í MYNDLISTARSKÓLA.

Verkefninu stýrðu Jóhanna Ragnarsdóttir, leikskólakennari og deildarstjóri á Dvergasteini, og Margrét H. Blöndal, myndlistarkennari við Myndlistaskólann í Reykjavík.

Leikskólastjóri Dvergasteins er Elín Mjöll Jónasdóttir.

Skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík er Þóra Sigurðardóttir.

2. Aðdragandi og forsendur:

Hugmyndina að verkefninu og frumkvæði að því að ýta því úr vör átti skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík sem taldi að með slíku verkefni gæfist tækifæri til að þróa kennslu fyrir yngri börn en áður hafði verið gert innan barnadeildar skólans auk þess sem slíkt væri nýmæli hérlandis, jafnvel víðar. Einnig var mikill áhugi meðal starfsmanna leikskólans Dvergasteins fyrir að vinna að skapandi starfi með börnum þar sem listræn nálgun væri fléttuð inn. Grundvöllur beggja skólanna virtist falla vel saman í því samstarfi sem verkefnið bauð upp á.

Hugmyndin að samstarfsverkefninu við leikskólann Dvergastein spratt upp úr þeirri fullvissu innan Myndlistaskólans að sá kennslurammi, eða sú afstaða til náms, sem þróast hefur innan Myndlistaskólans í Reykjavík gæti nýst leikskólabörnum, ekki síður en grunn- og framhaldsskólanemendum og nemendum í fullorðinsfræðslu.

Kennarar við Myndlistaskólann eru myndlistamenn og hönnuðir.

Fólk á öllum aldri getur notið þeirrar upplifunar í sínu námi að kynnast listrænni nálgun og búið að henni alla tíð þegar best lætur. Nálgun Myndlistaskólans í Reykjavík er hins vegar ekki einstök, slíkt er viðhaft með tilbrigðum innan flestra listaskóla í Evrópu, Ameríku og víðar. Það er mjög mikilvægt í því samhengi að sá listamaður sem hverju sinni heldur utan um kennsluna, liti hana með sínum hætti og nýti sína persónulegu og listrænu sýn og frjóa hug inn í kennsluferlið.

Undirbúningur verkefnisins hófst með fundum aðila beggja skólanna, þar sem hugmyndir voru reifaðar og kannaður grundvöllur til samstarfs. Lögð voru drög að því með hvaða hætti framkvæmdin gæti orðið, markmið og áætlun sett fram.

Upphaflega var verkefnið hugsað fyrir 4 og 5 ára börn leikskólans en þegar kom að mati og niðurstöðum úr fyrri hluta verkefnisins kom í ljós að verkefnið

hentaði yngri og breiðari aldurshópi en upphaflega var talið. Því töldu aðilar mikilvægt að fá tækifæri til að halda þróunarstarfinu áfram, útfæra það nánar og fyrir breiðari aldurshóp en upphaflega var ætlað. Því var frarið af stað með síðari hluta verkefnisins, gengið var út frá sömu forsendum og við fyrri hlutinn en miðað við aldurinn 3ja til 5 ára.



3. Áætlun verkefnisins

Fyrri hluti verkefnisins hófst í september 1999 og lauk vorið 2001. Síðari hluti verkefnisins hófst haustið 2001 og lauk vorið 2003.

Fyrri hluti.

Þegar fyrri hluti verkefnisins hófst var ákveðið að vinna með börnum fæddum 1995 og 1996. Ljóst var að þessir árgangar yrðu í leikskólanum bæði árin sem verkefnið stæði yfir. Kennsla var skipulögð frá september og þar til í maí hvorn vetur og fylgdi kennsluáætlun verkefnisins skólaári Myndlistaskólans.

Gerð var áætlun um að börnunum yrði skipt í fjóra hópa og hver hópur yrði virkur sjö vikur í senn, hver kennslustund yrði 2x45 mínútur og hvert barn fengi 14 kennslustundir samtals. Kennslan færi fram í Myndlistaskólanum í

SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA

Reykjavík undir leiðsögn myndlistarkennara og hverjum hópi fylgdi einn til tveir starfsmenn frá leikskólanum.

Gert var ráð fyrir að báðir aðilar verkefninu eftir með fundum nokkrum sinnum á tímabilinu, starfsmenn leikskólans fengju fræðslu og haldnir yrðu fundir með starfsmönnum og foreldrum í húsnæði Myndlistaskólans. Áfangar skyldu metnir meðan á verkefninu stæði og einnig yrði árangur metinn í lokin. Ákveðið var að gera skráningu í hverjum myndlistartíma. Skráningin yrði skrifleg, notuð segulbandsupptaka, teknar myndir, bæði ljósmyndir og myndbandsupptökum.

Börnin sem tóku þátt í verkefninu voru á báðum deildum leikskólans, fjórir hópar hvort skólaár. Fyrra árið voru 7 börn fædd 1995 í fyrstu tveimur hópnum, í þriðja hópnum voru 10 börn fædd 1996 og í síðasta hópnum voru 6 börn fædd 1996. Hverjum hópi fylgdi einn starfsmaður frá leikskólanum nema þeim hópnum sem í voru 10 börn fylgdu tveir starfsmenn. Seinna árið voru 8 börn fædd 1995 í fyrsta hópnum, 7 börn fædd árið 1995 í öðrum hópnum, 7 börn fædd árið 1996 í þriðja hópnum og 5 börn fædd árið 1996 í síðasta hópnum. Síðasta árið fylgdi einn starfsmaður frá leikskólanum öllum hópnum. Starfsmenn beggja deilda skiptust á að fylgja börnunum í myndlistarskólann.

Kennsla hófst 23. september 1999 og lauk í maí 2000.

Kennsla hófst aftur 4. október 2000 og lauk í maí 2001.

Síðari hluti

Þrír elstu árgangar leikskólans tóku þátt í síðari hluta verkefninsins, þau ár sem þróunarverkefnið stóð yfir. Fyrra árið voru börn fædd 1996, 1997 og 1998 en síðara árið börn fædd 1997, 1998 og 1999. Seinni hluti verkefnisins var byggður á reynslu af hinu fyrra. Gengið var út frá sömu forsendum og gert ráð fyrir sömu eftirfylgni.

SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA

Gerð var áætlun um að skipta börnunum upp í fjóra hópa en að hver hópur færi í sex skipti. Kennt skyldi einu sinni í viku tvær kennslustundir í senn (2 x 45 mínútur). Hvert barn fengi samtals 12 kennslustundir.

Fyrri árið voru tóku 30. börn þátt í verkefninu. níu fædd 1996, Níu fædd 1997 og 12 börn fædd 1998.

Seinna árið var kennsluvikum aftur fjölgað úr sex í sjö, áfram kenndar tvær kennslustundir á viku. Samtals tóku 35 börn þátt í náminu. Áfram var skipt upp í fjóra hópa og voru þá átta börn fædd 1997, 16 börn fædd 1998 og 11 börn fædd 1999. Nemendur í myndlistanáminu báða veturna voru af tveimur deildum leikskólans. Hverjum hópi fylgdi einn starfsmaður frá leikskólanum en seinni veturinn fylgdu tveir starfsmenn þeim hópi sem í voru 11 börn.

Í þessum hluta verkefnisins var einnig gerð tilraun með að loka kennsluhringnum og taka elstu börnin aftur inn í aukatíma að vori. Nokkurs konar kveðjustund eða útskrift.

Kennsla hófst 11. október 2001 og lauk í maí 2002

Kennsla hófst 19. september 2002 og lauk í maí 2003

4. Markmið

Markmið með fyrri og seinni hluta verkefnisins voru þau sömu.

- Að veita börnum á leikskólaaldri tækifæri til að vinna með fjölbreyttan og óvæntan efnivið undir leiðsögn myndlistarkennara í skapandi umhverfi þar sem lögð er áhersla á sjónræna þætti,
- Að gera tilraun með að tengja saman skapandi starf í leikskóla og kennslu/nám yngri barna í sérskóla (myndlistaskóla),
- Að opna hug og augu barnanna fyrir daglegu umhverfi sínu og gefa þeim færi á listrænni upplifun í hvunndeginum,
- Að veita börnum innsýn í skapandi starf myndlistarskóla þar sem unnið er út frá tvívíðri og þrívíðri nálgun viðfangsefnanna.
- Að veita starfsfólki tækifæri til að auka þekkingu sína og færni í skapandi starfi til að auðga starf leikskólans.
- Að þróa kennslu 3-5 ára barna innan Myndlistaskólans í Reykjavík (viðbót frá 2001).

En í aðalnámskrá fyrir leikskóla segir í kafla um þroskapætti, að í markmiðum um fagurþroska og sköpunarhæfni skuli;

- stuðla að því að barn njóti margháttáðrar reynslu sem örvar hugmyndaflug þess og skapandi tjáningu,
- örva sköpunarhæfni barna og sköpunargleði,
- búa barni aðstæður og efnivið sem örva frjálsa og skapandi tjáningu,
- örva fegurðarskyn barns í smáu sem stóru,
- veita barni tækifæri til að njóta lista,
- vekja áhuga barna á umhverfi og náttúru,

Einnig kemur fram í aðalnámskránni að:

Skapandi barn er næmt á umhverfið og umhverfið frjóvgar hug þess. Það hefur áhuga á því smáa, á áferð, lögun og litum. Þessi frumleiki barnsins birtist með margvíslegum hætti; í leikrænni tjáningu, í máli, myndgerð, tónum og hreyfingu. Skapandi barn hugsar oft og framkvæmir með öðrum hætti en viðtekið er og það getur tekið áhættu.

Markmið kennslunnar

- Markmið kennslunnar er að ýta undir eðlislæga athygli og áhuga barnanna á umhverfinu (manngerðu sem náttúrulegu) og gildum þess, um leið og þau eru leidd inn í heim sjónmennta og lista.
- Námið miðast við að meðfæddir sköpunarhæfileikar og opinn hugur barnanna séu virkjaðir í verkefnum sem mynda tengingu við þau sjálf, náttúru og sjónlistir í fortíð og nútíð.
- Áhersla er lögð á að eiginleikar barnsins, sköpunargleði og forvitni fái ávallt notið sín til fulls.
- Þau verkefni sem lögð eru fyrir byggja á grunnatriðum sjónrænna mennta; línu, formi og lit, rými, áferð, ljósi og skugga. Framsetningin er þó ætíð á forsendum barnanna.

Komið er til móts við þau þar sem þau eru stödd á þroskaferli sínum og fjallað um þessi atriði út frá kunnugu og daglegu umhverfi þeirra.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins sem varðar Myndlistaskólann sérstaklega er:

- Að börnum á leikskólastigi og starfsfólki leikskóla sé gefið tækifæri til að kynnst umhverfi og aðferðum myndlistaskóla.
- Að miðla aðferðum / sjónarmiðum myndlistamanna þannig að það örvir og ýti undir slíkt starf innan leikskólans.
- Að Myndlistaskólanum, öðrum nemendum hans og kennurum sé gert kleift að sjá og kynnst upplifun leikskólabarna á umhverfi sínu í gegnum verk þeirra sem unnin eru í sama umhverfi og með sömu efnum og aðrir myndlistarnemar nota í sínu námi.
- Að þróa kennslu 3ja-5 ára barna innan Myndlistaskólans.

Markmiðslýsing

Með hverju verkefni er reynt að tvinna saman áhuga barnanna þar sem vísað er til þeirra eigin þekkingarheims, um leið og leitast er við að skerpa sýn þeirra og næmi og opna hug þeirra fyrir víðara samhengi. En ekki síst er tvinnuð í verkefnin sú hugsun að óvænt atburðarrás í sköpuninni / vinnunni (mistök?) sé ævinlega tilefni til að leita nýrra leiða og geri mögulegt að koma auga á aðra möguleika en unnt var að sjá fyrir í upphafi. Ákveðnar fyrirmyndir eru mjög mikilvægar sem uppspretta að vinnu barnanna. Fyrirmyndirnar eru vel að merkja notaðar sem kveikjur og skynjunaræfingar.

Dæmi um slíkt gæti verið

- a) efni (t.d. litkrít, vatnslitur, leir eða fundnir hlutir),
- b) verk eftir aðra nemendur Myndlistaskólans (t.d. skúlptúr, teikning, ker eða málverk),
- c) hreyfing jarðskorpu eða upplifun af landslagi,
- d) veðrið fyrir utan gluggann, jörð, loft, vatn,
- e) hlutir og eða form innan kennslustofunnar.



5. Skólarnir

Dvergasteinn

Leikskólinn Dvergasteinn tók til starfa haustið 1998 sem tveggja deilda leikskóli en haustið 2002 var bætt við þriðju deildinni. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á mál, málörvun og skapandi starf. Unnið er með myndsköpun á margbreytilegan hátt, hún örvuð og séð til þess að börnin þjálfist í að beita fjölbreyttum vinnubrögðum með margskonar efniviði. Lögð er áhersla á að þau fái verkefni sem auka skilning þeirra og þekkingu á uppbyggingu forma, á litum og tækni, um leið og löðuð er fram sköpunargleði þeirra. Það er ferlið og upplifun barnsins í verkefninu sem skiptir mestu máli.

Dvergasteinn er staðsettur við Ánanaust, vestast í gamla Vesturbænum og í nágrenni við sjóinn, fjöruna, með útsýni yfir Esjuna, Akrafjall, Skarðsheiði og Snæfellsjökul, ásamt nálægð við Grandann með öllu því sem þar er í boði.

Stutt er á milli Dvergasteins og Myndlistaskólans í Reykjavík sem gerir okkur mjög auðvelt að vera í þessu samstarfi. Umhverfi leikskólans, sú leið sem börnin fara og þær upplifanir sem þau verða fyrir tengjast umhverfi Myndlistaskólans og því útsýni sem þau hafa við myndlistarvinnuna og nýtt er í náminu þar.



Myndlistaskólinn

Myndlistaskólinn í Reykjavík var stofnaður 1947 og sinnir kennslu á flestum stigum sjónrænnar menntunar, á grunnskólastigi, framhaldsskólastigi ásamt símenntun og nú einnig á leikskólastigi. Skólinn hefur ætíð lagt metnað sinn í að til starfa séu ráðnir vel menntaðir og virkir myndlistamenn/kennarar/hönnuðir og að þróaðir séu áfram þeir kennsluhættir og aðferðir sem þróast hafa innan ramma Myndlistaskólans. Húsnæði skólans og aðstaða öll miðast við þá sjónrænu þjálfun / kennslu sem þar fer fram. Sérhæft bóka /gagnasafn skólans gegnir mikilvægu hlutverki í kennslu allra aldurshópa.

Breidd nemendahópsins í Myndlistaskólanum í Reykjavík er því mikil og gefur tilefni til margskonar víxlverkana. Varðar það bæði kennsluaðferðir og verkefni, ekki síst í barna- og unglingadeild, en einnig ná áhrifin inn í deildir fullorðinna. Óhætt er að fullyrða að þetta skapar sérstöðu sem óvíða er að finna hérlendis, en benda má á Finnland sem frumkvöðul í því að tengja starfsemi fagskóla í listum inn í sitt almenna skólakerfi .

Skólinn leggur áherslu á sjónræna grunnmenntun og skapandi þætti hennar fyrir alla aldurshópa með áherslu á aðferðir til þjálfunar á sjónrænni skynjun

SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA

ásamt miðlun þekkingar á sígildum undirstöðuatriðum sjónlistasögunnar (myndlistar, hönnunar og byggingarlistar).

Stefna Myndlistaskólans í Reykjavík er

- að stuðla að aukinni sjónrænni grunnmenntun allra aldurshópa með því að miðla sígildum aðferðum og þekkingu sem í myndlistinni býr, á forsendum samtímans
- að námskeið séu í sífelldri þróun svo þau svari kröfum hins sjónræna vettvangs hverju sinni
- að fá til liðs við skólann vel menntaða kennara og myndlistarmenn sem eru virkir og leiðandi á sínu sviði
- að búa nemendum umhverfi sem gegnir hlutverki í sjónrænni menntun þeirra

Myndlistaskólinn býður upp á

- faglegt grunnnám til undirbúnings fyrir háskóla og sérskóla á sviði sjónrænnar menntunar
- metnaðarfullt og skapandi nám fyrir áhugafólk
- grunnmenntun fyrir börn og unglinga sem ýtir undir skapandi eiginleika og þekkingu
- námskeið á sviði símenntunar sem uppfylla kröfur er gerðar eru á sjónrænum vettvangi hverju sinni



Barna og unglingadeild.

Myndlistarkennsla barna hefur frá upphafi verið ríkur þáttur í starfi Myndlistaskólans í Reykjavík og er skólinn frumkvöðull á því sviði hér á landi. Námskeið fyrir börn hafa verið í boði frá stofnun hans, 1947. Hafa þau miðast við kennslu 6-16 ára grunnskólabarna. Myndlistakennslu leikskólabarna hefur ekki fyrr verið sinnt innan Myndlistaskólans í Reykjavík né annarra myndlistaskóla hérlandis.

Hér er því um mikilvægt brautryðjendastarf að ræða. Byggt er á áralangri reynslu af kennslu yngsta aldurshóps skólans en einnig á reynslu þeirri sem myndlistarmaðurinn (kennarinn) býr yfir. Mjög áhrifaríkt er að fá svo ung börn inn í skólastarfið, en nálgun þeirra við verkefnin opinberar eðlislæga forvitni og áræðni þess sem í einlægni er að opna augun fyrir veröldinni í fyrsta sinn. Starf myndlistaskóla grundvallast á því að opna nemendum leiðir til að sjá heiminn nýjum augum. Því eru tók leikskólabarna á efnum og aðferðum innan skólans ekki síður lærdómsrík eldri nemendum en vinnubrögð reyndari nemenda eru hinum yngri. Fordómaleysi og glöggskyggni yngstu barnanna eru gott fordæmi fyrir alla (Þ.S.).

SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA



Hér á eftir eru sett fram nokkur dæmi um viðfangsefni sem Margrét H. Blöndal, kennari verkefnisins hefur mótað innan verkefnisins (texti M.H.BL.).

1. vika

Börnin fá blek og sykurblöð sem drekka vel í sig vökva. Þau eru beðin um að horfa út um gluggann og skoða litina vel - útsýni er yfir haf út að Akrafjalli Skarðsheiði og Esju. Blekið er í litabakka og með pensli eiga þau að blanda alla þá liti sem þau sjá og flytja yfir á blaðið. Um leið og litbrigði fæðast færast útsýnið á blöðin þeirra þar sem annar heimur verður til. Meðan börnin eru að blanda skiptir athygli kennarans sköpum þar sem hann verður í sífellu að koma með vísanir út fyrir ramma pappírsins til að þau haldi einbeitingu sinni. Dæmi: Blár litur blandaður - líkist einni rönd á hafinu, blái liturinn verður síðan ljósari og líkist þar með skýjabakka, síðan bætist rauður út í og með því að skima út um gluggann er hægt að finna fjallshluta með sama lit. Þannig skerpist sýnin um leið og litablöndunin sem í byrjun er tilviljunarkennd verður markvissari.



2. vika

Litablöndumyndirnar skoðaðar hver fyrir sig og rætt um það sem fyrir augu ber. Mikilvægt er að njörva myndefnið ekki niður við ákveðna persónu heldur stað þar sem viðkomandi gæti hafa gengið, synt eða flogið. Hvert og eitt barn er beðið um að segja frá myndinni sinni en kennari grípur inn í bæði til að benda á það sem vel fór og til að útvíkka enn frekar svo að forsendur séu til frekari úrvinnslu.

Næst er rætt um jarðskjálfta og flest muna eftir 17. júní skjálftanum 2000, farið inn á bókasafn og skoðaðar bækur með myndum af jarðhræringum og eldgosum. Um leið og við skoðum ræðum við um myndir þeirra sem geta vel verið landakort - mismunandi er hvar áhugasviðið liggur og verður því kennari að hlusta vel á hvert og eitt barn til að geta leitt þau áfram. Þegar aftur er komið inn í kennslustofuna fá börnin skæri og með þeim geta þau orðið að náttúruöflum sem ögra, skera og skekja lönd um leið og þau mynda nýja eyju. Undir er stórt vatnslitablað sem þau raða brotunum á.

Aftur verður kennari að halda athygli sinni til að hvetja börnin áfram í glímunni við náttúruöflin og koma þá firðir, víkur, lón, gljúfur og eyjaklasar í ljós. Að lokum fá nemendur þurrkrít til að bæta við þriðja stiginu sem gjarnan má þá vera manneskja auk elds, reyks, björgunarsveitar eða hverju því sem í kollinn kemur. Þurrkrítin hefur þann eiginleika að myljast auðveldlega niður svo að hægt er að láta steina og grjót úr jarðhræringum þessum öllum auk fingerðs sands. Um leið og þurrkrítin molnar er hægt að vísa í ríkulegt fimmtíu ára safn Myndlistaskólans sem m.a. býr yfir steinum, glerbrotum, beinum o.fl.

Efniviður

Vatnslitir, vatn og penslar, þekjulitir, þurrkrít og olíukrít, blýantar, skæri og lím. (texti M.H.BL.)

Dæmi um viðfangsefni;

Síðari hluti verkefnisins 2001-2003, Margrét H. Blöndal.




i
Við förum inn í sal þar sem módelteikning er kennd og vel rúmt um nemendur. Nemendur mynda hring og ég dreifi örkum sem við límum á gólfið. Þau standa síðan í hringnum sínum og líta yfir samnemendur sína eins og í ákveðnu ritúali. Ég kem með fullan stamp af bambusprikum sem öll eru talsvert lengri en nemendur og dreifi stöngunum á milli nemenda sem og svörtu bleki í krús. Þau munda stangirnar og þar sem þau standa þarna í síðum kirtlum eru þau umsvifalaust komin í galdraskóla téðan og stangirnar verða sprotar. Verkefnið er síðan að skoða hvernig línan fæðist frá bambusstönginni yfir á blaðið og eiga þau að fá eins mörg afbrigði og mögulegt er. Sumar láta stöngina renna eftir öllu blaðinu meðan aðrir snúa stöngunum við og gera punkta sem pappírinn drekkur í sig. Aðrir láta stöngina dansa með því að núa henni hring til hægri og hring til vinstri sitt á hvað. Þau skoða hvert hjá öðru og sum fara að krjúpa, aðrir leggjast á gólfið meðan hinir láta sér nægja að standa og snúa henni frá ýmsum hliðum.


SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA



Í næsta tíma sitja þau við langborð og hver og einn fær sína örk eftir að við höfum rætt stemninguna í hverri mynd. Þau fá síðan þurrkrítar sem strjúkast yfir blöðin og skoða hvernig blekið sést í gegnum mistrið og á milli bleksins. Þau skoða líka hvernig hægt er að blása á krítarmylsnuna þannig að hún þyrlist yfir blaðið eftir að hafa nuddað hana vel og vandlega. Þau nota fingur til að dreifa enn frekar og blanda litunum.

SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA






ii

Í byrjun tímans voru þeim sýndar bækur með skúlptúrum eftir ýmsa myndlistarmenn til að skoða mismunandi útfærslur og vinnuaðferðir. Við ræddum hvernig sami hlutur getur haft vísun í marga aðra, t.d. getur lak sem hengt er upp með nokkrum þráðum orðið að fjöllum, tjöldum, hólum eða litlu porpi og plast sem rúllað er upp á spýtu verið sjónvarp eða þvottavél. Við fórum síðan í könnunarferð um skólann og náðum okkur í efnivið, ég sýndi þeim fyrst hvernig hægt væri að nota ýmsa hluti sem gjarnan er hent og svo voru þau hvött til að hafa augun opin til frekari efnisfunda. Þannig náðum við í gamla svampa, víra, plastafganga, stangir, límbönd, pappírssnifsi, blöðrur og margt fleira. Þegar nemendur voru aftur sestir við borðið sitt fórum við yfir hlutina okkar og skoðuðum mismunandi eiginleika þeirra. Hvaða eiginleika hefur svampurinn t.d.? Hann er hægt að teygja og toga, það er hægt að pota í hann og þrýsta honum saman. Blöðruna er hægt að stækka með því að blása í hana eða fylla hana með vökva en það er líka hægt að nota hana sem ílát. Eru einhverjir tveir hlutir þannig að þeir kalli á að vera settir saman? Nemendur áttu mjög auðvelt með að byrja og eftir stutta stund voru þeir komnir á bólakaf í samsetningu og umbreytingu efna. Suma hluti var gaman að kreista meðan aðrir voru hnarreistir og stífir, enn aðrir líktust einhverju

SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA

sem hægt væri að sigla, fjórðu var skemmtilegt að láta svífa og sumir komu til með að breyta um lögun með tímanum. Þegar samsetningu lauk veltum við hverjum hlut fyrir okkur, þ.e. ætti þessi að hanga upp á vegg eða úr lofti þannig að hann sæist frá ákveðinni hlið eða fer hann best á borði. Í lokin settum við upp sýningu. (texti M.H.BI.)



SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA





6. Áhrif verkefnisins á skólana

Verkefnið frá sjónarhóli Myndlistaskólans í Reykjavík

Í Myndlistaskólanum í Reykjavík hafa á áratuga löngum starfsferli orðið til kennsluaðferðir þar sem lögð er áhersla á þróun í kennslu og tengsl við samtímalistir um leið og miðlað er til nemenda sígildum viðhorfum og þekkingu á verkum fyrri tíma. Á það við um allar deildir skólans. Í kennslu við barna- og unglingadeild er lögð rækt við að kynna nemendum viðhorf sem byggja á uppbyggilegri skapandi hugsun og tilraunum ásamt grundvallaratriðum sjónlista á þann hátt að það ýti undir næmi þeirra og hæfileika til að skoða umhverfi sitt, aðstæður og lífið sjálft, með augum hins virka athuganda sem sér nýja möguleika hvarvetna spretta fram. Lausnir verkefna allra nemenda skólans, jafnt barna sem fullorðinna, eru sýnileg í skólarýminu og eru nemendum sem kennurum uppspretta umræðna og nýrra verkefna. Með þessu myndast flæði milli deilda sem er ákaflega örvandi fyrir nemendur og kennara. Þetta flæði er eitt af þeim atriðum í aðferðum skólans sem þróast hefur á ferli hans og er mikilvægt atriði í kennslu við allar deildir.

Nemendur skólans hafa verið frá 6 ára aldri, en með tilraunaverkefninu eru nemendur nú frá 3ja ára aldri. Börnin frá Dvergasteini (3ja til 5 ára) og verkefni þeirra eru því athyglisvert innlegg í þá umræðu sem fram fer innan skólans frá kennslufræðilegu- en ekki síst frá skapandi listrænu sjónarmiði.

SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA

Nálgun þeirra (3-5 ára) við viðfangsefnin er ný og fersk, þau eru óbundin og fordómalaus, sem gefur þeim möguleika á að meðtaka það sem skólinn hefur upp á að bjóða með eilítið öðrum hætt en eldri nemendur. Kennara býðst því tækifæri til að virkja þessa eiginleika barnanna í verkefnum á þann hátt að myndist bein tilvísun í daglegt umhverfi og upplifanir þeirra en einnig í tilraunir samtímamyndlistar.

Eitt af mikilvægum verkefnum kennslunnar innan Myndlistaskólans í Reykjavík er að kynna nemendum þá strauma sem hreyfa við myndlist samtímans og strauma liðinna tíma. Nálgun barnanna við viðfangsefnin eins og hún birtist í úrlausnum þeirra minnir um margt á þá eiginleika sem koma fram í verkum listamanna, ekki síst í samtíma okkar þar sem einlægni og rannsóknarþættir eru í öndvegi. Mikilvægt er í þessu samhengi að kennslan sé byggð upp á forsendum barnanna og að í verkefnunum sé lögð alúð í að mæta þeim þar sem þau eru stödd á þroskabrautinni. Þaðan er athyglinni beint út á við að fyrirbærum náttúrunnar og daglegu umhverfi barnanna og að viðfangsefnum myndlistarinnar í víðu samhengi.

Auk þess að vinna með börnin frá leikskólanum gefst með verkefninu gott tækifæri til að kynna starfsfólki leikskólans forsendur kennslunnar sem fram fer innan Myndlistaskólans í Reykjavík en börnunum fylgja ætíð einn til tveir starfsmenn sem eru myndlistarkennaranum til aðstoðar í kennslustund.

Tilraunaverkefnið er auk þess sem hér hefur verið nefnt ákaflega mikilsvert fyrir skólann til áframhaldandi þróunar kennslu við barnadeild Myndlistaskólans í Reykjavík. En verkefnið er ekki síður athyglisvert í ljósi listkennslu almennt, þróunar skólastarfs Myndlistaskólans og þess að kennsla svo ungra barna hefur ekki verið reynd innan myndlistarskóla hér á landi. (Texti Þ.S.)

SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA



Áhrif verkefnisins á starfið á Dvergasteini

Samstarf við Myndlistaskólann hefur haft mikil áhrif á skólastarf Dvergasteins, bæði hvað varðar börnin sem nemendur í þessu verkefni og einnig starfsmenn leikskólans sem nemendur í því.

Hinn fjölbreytti efniviður sem í boði er hefur m.a. verið nýjung gagnvart leikskólanum og margvíslegar nýjar aðferðir koma fram í kennslunni sem opna nýja sýn sem nýtist í starfi leikskólans.

Sá ávinningur sem við tökum eftir í námi barnanna er að þau eru meðvitaðri um allan efnivið, mismunandi eiginleika, áferð og lögun;



SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA

Dæmi

1. Pappír, eiginleikar hans, eins báðum megin, kornóttur, eru hár í honum, eða er hann glansandi, mattur, drekkur hann í sig vatn eða hrindir hann frá sér.
2. Heiti áhalda og efniviðar, hvernig hægt er að nota þau á mismunandi hátt. Blýanturinn "FAGRI BLAKKUR" sem gefur mismunandi litbrigði, gljúa eða glampa eftir því hvernig honum er beitt. Mjúkir pasteltrélitir sem hægt er að draga til þannig að þeir líta út eins og vindurinn "Kári" hafi blásið á þá.
3. Hægt er að teikna með storkleðrinu, sandinum og málingarlímbandinu eins og það væri blýantur.
4. Krítin er ekki eingöngu til að teikna með, heldur er hægt að mylja hana, nota sem skraut og draga til.



SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA

Rannsóknarpörf barnanna og tilraunastarfsemi með allan efnivið hefur vaxið. Þau rannsaka stóra sem smáa hluti með stækkunargleri. Þau skoða áferð, lit, lögun og annað sem vekur forvitni þeirra. Þau tjá sig á frjálsgri og fjölbreyttari hátt í allri myndsköpun, eru sjálfstæðari í vinnubrögðum, hafa gott sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd. Börnin eiga mjög auðvelt með að lifa sig inn í ævintýraheima, fara í ferðalög, sjá fyrir sér liðna atburði og lifa sig inn í framtíðina. Þau hafa mikinn áhuga á listaverkum og hafa gaman af því að skoða listaverkabækur.

SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA

Mikið er lagt upp úr því að örva sjónskyn og athyglisgáfu barnanna. Þau eru hvött til að vera vakandi fyrir umhverfi sínu. Leiðin í Myndlistaskólann og sú sýn sem blasir við þeim í kennslustund er mikið nýtt. Hver kennslustund hefst m.a. á því að ræða um hvað hafði vakið athygli þeirra á leiðinni, hvernig veðrið hafi verið og hvaða liti þau sáu t.d. á hafi, himni og í fjöllum. Borið er saman mismunandi veðráttu nú og t.d. í síðasta tíma, og hvernig veðráttan hefur áhrif á hvernig maður sér og skynjar litina í umhverfinu.

Þessa örvun og áhrif hennar skynjum við mjög vel í leikskólanum.

Skemmtilegt dæmi:

Börnin voru úti í garði með nýjum starfsmanni og voru að kynna honum hvaða reglur giltu þar, þegar eitt barnið segir allt í einu og bendir til sjávar. “Svo höfum við hér frábæran útivistarglugga, þar sem við sjáum, Esjuna, Akranes og stundum Snæfellsjökul. “



Dæmisögur úr kennslustundum

Skráð af starfsfólki leikskólans

Dæmi 1

Í einum tíma voru gerðar tilraunir með að blanda vatnsliti á vatnslitapappír. Börnin fengu í hendur vatnslitapappír, vatnsfötu og svampa til að bleyta pappírinn með, vatnslitapensla og liti. Þau dýfðu penslunum í vatn, síðan í litinn og létu dropa með hverjum lit renna eftir blaðinu, fylgdust með ferðalagi þeirra, hvernig litirnir runnu saman og urðu “eins og regnboginn”.

Börnin voru hvött til að halda áfram og gera fleiri tilraunir.

Eitt barnið var að vinna með dökkgrænan lit sem það lét renna eftir blaðinu, tók síðan svamp og vatt úr honum vatn yfir blaðið og fylgdist með því þegar dökkgræni liturinn varð ljósgrænn og þynntist meira út. Hrópaði allt í einu “þetta eru töfrar, ég sé pappírinn aftur”.



Dæmi 2

Í einum tíma var börnunum sagt að þau ættu að vinna með margs konar efnivið á hvaða hátt sem þau vildu. Margrét lét hvert barn fá glæran plastpoka. Síðan setti hún límband, stórar hnetur, steina, band, pappírsafklippur og skæri á borðið.



Í fyrstu sátu börnin hvert með sinn poka, veltu honum fyrir sér ásamt efniviðnum sem var á borðinu. Hvað á að gera stóð skrifað á andlit barnanna. Eitt barn sagði. "Jú, ég set stein í pokann, hvað svo; ég set límband líka og hnetu". Hin börnin fylgdust með í smá stund. Allt í einu var eins og þau sæju hvað hægt vari að gera og þau byrjuðu öll að vinna af ákafa (nökkurs konar hugljómum). Úr þessu urðu ýmsir skemmtilegir hlutir, s.s. dýr, hljóðfæri, skúlptúrar og, ýmislegt sem þau festu upp á vegg sér til mikillar ánægju.

Dæmi 3

Í byrjun tímans lét Margrét börnin hafa sykurrappír og sagði þeim frá hvaðan hann kæmi og hvernig hann væri unninn. Út frá þessu sköpuðust miklar umræður og datt börnunum fyrst í hug sagan um Karíus og Baktus sem þau höfðu nýverið hlustað á í leikskólanum. Síðan fengu þau ferkantaða trékubba, svampa, steina, lífm, klessulíti, blek og pensla til að vinna með. Þau hófust handa við mótun listaverksins sem tók ýmsum breytingum og þau fundu ýmislegt út úr því sem gerðist. Sáú t.d. jarðaber, kakó, sæskrímsli og sjóinn sem Karíus og Baktus runnu úti.





Dæmi 4

Börnin fengu bláar krítar til að lita með. Allt í einu tóku tvær stúlkur eftir því að krítarnar smituðu og þær urðu bláar á höndunum. Þær fóru að gera tilraunir með að lita á sér handarbökin og sem urðu einnig blá. Þeim þótti þetta mjög spennandi, héldu áfram, brettu peysuermarnar upp að olnbogum og máluðu handleggina bláa. Að endingu fékk andlitið þessa litameðferð og í lokin skoðuð þær sig í speglinum og voru alsælar með afrakstur og listaverk þessa tíma.



Dæmi 3

Drengur einn fékk í hendurnar mynd sem hann hafði gert í tímanum á undan og var spurður að því hvort þetta væri ekki hans mynd. Hann skoðaði myndina og sagði “Já, ég hef staðið upp á Esjunni þegar ég gerði hana”. Hann tengdi það sem hann sá í þessari mynd, gönguferð sem hann var nýbúin að fara upp á Esju.

Framhaldsmyndir. Sögur skráðar af starfsfólki leikskólans.

1. vika

Börnin fengu stórt blátt blað og kol. Þau fóru að glugganum til að skoða útslýnið en það var bara svarta myrkur úti. Verkefni þessa myndlistatíma var að láta bláa litinn á blaðinu hverfa inn í myrkrið með kolunum. “Þetta verða dulafullar myndir”. Segir Margrét, “því enginn veit hvað er í myrkrinu”. Í vinnuferlinu með kolin verða börnin svört á höndum og andliti. Margrét, segir þau líta út eins og sótarar! En bendir þeim einnig á að kolin séu orka sem eyðist upp eins og maturinn sem þau borði. Börnin fá einnig í hendur pastelkrítar í grænum og gráum litum til að sjá muninn á þeim og kolunum. Að lokinni þessari vinnu fara “litlu sótararnir” heim í Dvergasein ALSÆLIR.

2. vika

Myndir frá síðustu viku teknar fram og skoðaðar.

Kennarinn spyr börnin, hvað er inni í myrkrinu?

Börnin: Ljós á hreyfingu, villikettir, draugar, kuldaboli, grá ský og snjór sem er eins og endurskinsmerki.

Kennarinn, spyr börnin hvað þau sjái ef þau setji fingurna á augnlokin?

Börnin: Margs konar ljós, regnboga, ljós eins og hér inni.

Síðan fengu börnin í hendurnar strokleður til að teikna með.

Kennarinn, spyr þau hvað komi í ljós í gengum myrkrið?

Börnin: Sandur, aftur blár litur, stjörnuljós.

Nú komu marglitar krítar á borðið sem börnin notuðu til að teikna með. Þau gerðu ýmsar tilraunir með krítunum. Rúlluðu, muldu og bjuggu til korn, lituðu bæði fast og laust. Þá fara að koma fram ýmsar myndir t.d. bílljós, gleraugu, bíll, villiköttur og bíll með kertaljós í glugga, sprenging, aska og smá gulur blettur. Börnin skoða myndirnar bæði sínar eigin og annarra, tjá sig um þær og gera ýmsar athugasemdir. T.d.. Þarna kemur í ljós þoka í myrkrinu, þetta er kryddsandur, hérna hjá mér eru rakettur um allt, hér kemur í ljós silfurlitur og silfurskottur út um allt.

Efniviður

Pappír, kol, pastellitir, útikrítar

7. Mat

Matsaðferðir

Fyrri hluti verkefnisins var metinn eftir lok hvors skólaárs. Fyrst var metið haustið 2000 og var þá skoðað skólaárið 1999 – 2000. Mat þetta var gert með hugflæði á starfsmannafundi og unnið út frá því í minni hóp, börnin mátu einnig verkefnin með því að fara með þau í ferðalag í huganum (sjá fylgiskjöl) og frá Myndlistaskólanum í Reykjavík var verkefnið skoðað út frá sjónarhóli skólans og áhrifum samstarfsins þar.

Annað mat fór fram haustið 2001 og var þá skoðað skólaárið 2000 – 2001. Starfsmenn notuðu þá skráningar, ásamt því að mat kom frá Myndlistaskólanum. Einnig var gert mat með hverjum barnahópi eftir að hann lauk sínum áfanga (sjá fylgiskjöl).

Seinni hluti verkefnisins var einnig metinn að loknu hvoru skólaári fyrir sig og í lokin var framkvæmt lokamat.

Metið var haustið 2002 og þá skoðað skólaárið 2001 til 2002 og aftur haustið 2003 og þá skoðað skólaárið 2002 til 2003 og hugað að lokamati. Þeir sem tóku þátt í vinnunni að þessu sinni voru deildarstjórar og starsmenn sem komu að þessari vinnu. Einnig var metið með börnunum á sama hátt og í fyrra verkefninu (sjá fylgiskjöl).

Í öll skiptin var gengið var út frá neðangreindum þáttum við matið:

- Hvernig hefur gengið að vinna eftir settum markmiðum í þessu þróunarverkefni á viðkomandi skólaári?
- Höfum við náð settum markmiðum, að öllu leyti eða að hluta til?
- Hvað hefur gengið vel?
- Hvað hefur ekki gengið vel eða hefði mátt vera með öðrum hætti?

Matstæki

- Skrifleg skráning
 - Segulbandsupptaka – skráning töluð inn eftir myndlistatíma v/ Trölladyngju.
 - Myndir frá myndlistakennslu.
 - Myndbandsupptaka frá myndlistartímum.
 - Myndir af verkefnum barnanna,
 - Verkefni Svölu Jónsdóttur.
- Leikskólabörn í myndlistaskóla,
hugmyndir og kennsluaðferðir Margrétar H. Blöndal*

Niðurstöður mats fyrir skólaárið 1999 – 2000

Samstarf leikskólans Dvergasteins og Myndlistaskóla Reykjavíkur skólaárið 1999 til 2000 gekk mjög vel. Í verkefninu teljum við að okkur hafi tekist að ná settum markmiðum.

Samstarf þetta hefur auðgað leikskólann og starfsemi hans. Bæði hvað varðar hugmyndir um vinnu, nýtingu efniviðar og fjölbreytni hans. Margan efnivið þekktum við en kynntumst nýjum aðferðum til að nýta hann. Einnig kynntumst við nýjum efnivið og margvíslegum möguleikum með hann.

Yngstu nemendur Myndlistaskólans hafa fram að þessu verið frá 6 ára aldri. Samstarfsverkefnið við Dvergastein er mikilvæg viðbót við skólastarfið og gefst með því tækifæri sem vandfundið væri annars. Þróun kennslu í myndlistarskóla fyrir 3ja-5 ára börn er ákaflega mikilsvert verkefni sem hefur ekki verið reynt fyrr í hinu íslenska skólakerfi.

Verkefnið hefur verið í góðri samvinnu beggja aðila. Jákvæð viðhorf og opinn hugur þeirra sem að því komu.

Samstarfið teljum við í leikskólanum vera framlengingu og dýpkun á þeim hugmyndum sem hér er unnið eftir í skapandi starfi.

Í allri kennslu og samskiptum við börnin er borin djúp virðing fyrir þeim, verkum þeirra og hugmyndum.

SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA

Kennslustundirnar eru fjölbreyttar. Kennslan er brotin upp með mismunandi verkefnum. Sé verkefnum ekki lokið eru þau tekin upp síðar og haldið áfram við þau.

Verkefnaval hæfir vel aldri og þroska barnanna. Þau fá að njóta sín vel í þessari vinnu. Börnin fá mikla hvatningu, ímyndunarafl þeirra fær að njóta sín og hugmyndir þeirra nýtast á jákvæðan hátt. Minnstu óhöpp geta orðið vísir að nýrri tilraun.

Í námi sínu í myndlistaskólanum eru börnin hvött til að þjálfra sýn og næmi á margvíslegan hátt. Reynsla og ævintýraheimur barnanna fær að njóta sín, t.d. það sem þau sjá og upplifa á leiðinni. Þau taka eftir náttúrufarinu; hvernig veðurfar er, sjórinn og blæbrigði hans, himinninn og fjallahringurinn.

Börnin verða meðvituð um að þau tilheyra nemendahópi skólans. Þau sjá og hafa samskipti við aðra nemendur, sjá verkefni þeirra, vinnubrögð þeirra og að þau eru ýmist að vinna við sams konar efnivið eða annan. Börnin skoða sýningar á verkefnum eldri nemenda og sýna þeim eigin verkefni.

Börnin eru hvött til sköpunar og ýtt er undir ímyndunaraflið. Rannsóknarþörf þeirra er örvuð og þau hvött til að sjá og skoða hlutina út frá ýmsum hliðum, fjölbreytileika efnisins og möguleika á nýjum tengingum og tilvísunum.

Í kennslunni er lögð áhersla á að tengja verkefnin barnslegum áhuga þeirra, höfða til persónulegrar reynslu og tilfinninga.

Börnin fá í hendurnar og er treyst fyrir samskonar efniviði og eldri nemendum skólans. Þeim er gefinn kostur á að skoða bækur og aðra muni. Handfjatla þá og hafa hjá sér á meðan verk eru unnin. Þessi hlutir eru þá nýttir í kennslunni sem kveikja eða uppspretta persónulegrar tjáningar en ekki til beinnar eftirlíkingar hlutarins.

SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA

Börnin eru gerð meðvituð um að þau tilheyra nemendahópi skólans, þau sjá og hafa samskipti við aðra nemendur.

Þau sjá verkefni þeirra og vinnubrögð og eru ýmist að nýta sama efnivið eða annan.

Börnin skoða sýningar á verkum eldri nemenda og sýna þeim eigin verk.



Breytingar

Á næsta skólaári munum við leggja áherslu á að eiga fleiri myndir og sýnishorn af verkefnum barnanna.

Við munum taka myndir af öllum hópum við verkefnavinnu. Bæði ljósmyndir og myndbönd.

Áætlað er að skráning eftir hvern tíma verði námkvæmari. Skrifleg skráning nýtist betur.

Hver hópur fyrir sig verði metinn.

Í einum hópnum voru 10 börn og þeim fylgdu tveir starfsmenn. Í ljós kom að þetta var of fjölmennur hópur og verður fækkað í honum.



Niðurstöður mats fyrir skólaárið 2000 - 2001

Sömu forsendur voru notaðar við matið fyrir þetta skólaár og það fyrra.

Matstæki

- skrifleg skráning frá báðum deildum,
- segulbandsupptökur, töluð skráning frá Trölladyngju,
- myndir frá myndlistakennslunni,
- myndir af verkefnum,
- myndbandsupptökur úr tímum,

Okkur fannst þetta skólaár ganga mjög vel og þeim breytingum sem lagðar voru til frá fyrra mati var fylgt eftir.

Margt var sameiginlegt í þessu mati og í því mati sem fór fram eftir fyrra árið. Þó var greinilegt í allri vinnunni að börnin voru ári eldri, þau voru að koma til þessa náms í annað skipti, komu inn sterkari og öruggari um hvað væri í vændum.

Eins og áður gekk vel að vinna að þeim markmiðum sem sett voru í verkefnum. Mestan mun sjáum við á því hversu skynfærin eru næmari og að börnin eru opnari fyrir allri upplifun á umhverfinu.

Þær leiðir sem þræddar eru í kennslunni höfða sterkt til barnanna og hefur komið í ljós að þær eru ákaflega vel til þess fallnar að opna hug þeirra gagnvart ólíkum miðlum, aðferðum og tengingum.

Lögð er áhersla á að tengja upplifanir barnanna í Myndlistaskólanum þeirra eigin reynsluheimi og tilfinningum. Að þau skynji að lífið og listin er órofa heild sem allir hafa aðgang að og að listin / listaverk eru allt í kring ef við aðeins opnum augun fyrir því.

Það að börnin kynnast starfsemi og sjónarhóli myndlistarinnar á svo ungum aldri er ótvíræður kostur. Þau tileinka sér fordómalaust þau viðhorf og þær aðferðir sem þau kynnast í verkefnum sem þau eru að fást við og sem þau sjá

SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA

að eldri nemendur eru að vinna að. Þau skynja sterkt þær tengingar sem verða til milli þeirra eigin verka og daglegra/sértækra upplifana þeirra sjálfra af myndlistaverkum. Þeim er eiginlegt að sjá eigin verk við hlið annarra með það að markmiði að sjá jákvætt gildi hvers fyrir sig. Hið óvænta, skapandi ferli er þeim eðlilegt og nálægt.

Þær aðferðir sem notaðar hafa verið við kennslu leikskólabarnanna eru sérstakar og hafa mótast að nokkru leyti af persónulegum tókum myndlistarkennara þeirra en eru einnig sterkt mótaðar af kennsluhefð skólans.

Má segja að þróun kennslunnar hafi einnig haft áhrif inn í kennslu annarra hópa, svo sem eldri barnahópa innan skólans, jafnvel fullorðinshópa.



Breytingar

Þegar skriflega skráningin var skoðuð vorum við sammála um að við skráðum meira hvað gerðist í tímanum en túlkuðum ferkar upplifanir í munnlegu skráningunni. Við munum gera meira af skriflegri skráningu.

Upp kom sú staða að breyta þurfti tímasetningu á nokkrum kennslustundum og olli það röskun í starfsemi leikskólans og reynum við að láta þetta ekki trufla aftur.



Niðurstöður mats fyrir 2001 – 2003

Sömu frosendur voru notaðar við mat þessara skólaára og í því fyrra.

Matstæki

- skrifleg skráning frá báðum deildum,
- segulbandsupptökur, töluð skráning frá Trölladyngju,
- myndir frá myndlistakennslunni,
- myndir af verkefnum,
- myndbandsupptökur úr tímum.

Þessi skólaár voru metin hvort fyrir sig en ákveðið að gagna frá því sem sameiginlegu mati. Einnig er margt í mati þessarra ára með tilvísun í fyrri hluta verkefnisins.

Í þessum hluta verkefnisins var unnið út frá sömu markmiðum og sömu forsendum og í fyrri hlutanum en börnin eru yngri og um var að ræða þrjá aldursflokka. Þó kemur mjög skýrt fram að þetta samstarf er að þróast og taka breytingum sem byggja á reynslu.

Vel gekk að vinna eftir þeim markmiðum sem sett voru og teljum við okkur hafa náð þeim að flestu eða öllu leyti.

Börnin hafa öðlast víðsýni, þekkingu og reynslu sem gerir þau öruggari. Sköpunargleði þeirra og ímyndurarafl hefur styrkst, sem skilar sér bæði í starfi í leikskólanum myndlistaskólanum. Ransóknarþörf þeirra er meiri og þau gera meiri kröfur til marbreytilegri efniviðar.

Yngstu börnin sem eru að fara í fyrsta skipti, virðast njóta þess sérstakleg vel.. Þau eru með mjög opinn huga, ganga að vinnunni full einbeitingar og njóta þess í botn. Meðan elstu börnin eru full af sjálfsöryggi, þekkingu og reynslu, spenningi fyrir því hvað bíður þeirra.

Í seinni hluta verkefnisins kom í ljós í Myndlistaskólanum að yngsti aldurshópurinn 3ja ára átti mjög auðvelt með að tileinka sér vinnubrögð listaskólans, líkt og verkefnin væru þeim eðlislæg og þau svolgruðu þau

nánast í sig líkt og annað með móðurmjólkinni. Verkefni yngsta aldurshópsins voru sett upp til sýningar í húsnæði skólans í kjölfar hverrar kennslustundar. Þannig voru þau gerð sýnileg og aðgengileg öðrum nemendum og kennurum. Það ýtti undir umræðu innan skólans um nálgun í kennslu, um afstöðu til efna og aðferða og til úrvinnslu hugmynda.

Eins og áður eru börnin hluti af nemendahópi skólans og njóta þess námsumhverfi sem þar er. Þau hafa fengið tækifæri til að sjá aðra nemendur vinna og þar með fengið innsýn í skapandi starf skólans.

Það er mat Myndlistaskólans að mikilvægt hafi verið að skoða sérstaklega nálgun þriggja ára barnanna við verkefnin. Sá aldur er síst búinn að tileinka sér viðtekin viðhorf og mynstur samfélagsins, en nálgast viðfangsefni sín af fullkomnu fordómaleysi. Um leið gerir það sérstaka kröfu til myndlistakennarans um að hann sé fær um að koma á hárfínan hátt til móts við börnin þar sem þau eru stödd að þessu leyti. Þetta samspil svo ungra nemenda og kennara þeirra er að mati Myndlistaskólans ákaflega athyglisvert og vert frekari athugunar. Fordómaleysið sem yngstu börnunum er eiginlegt er samnefnari þess sem á öllum tímum er mikilvæg forsenda listrænnar sköpunar og nýrra viðhorfa. Það felur í sér nálgun sem aðrir listnemar eru hvattir til að tileinka sér. Það fordómaleysi býður upp á annað sjónarhorn á það sem annars gæti virst hversdagsleg endurtekning.

Þau markmið sem sett voru í upphafi verkefnisins hafa því skilað sér ágætlega.

Hins vegar má segja að innan þess hefur ekki verið fjárhagslegt/tímalegt svigrúm til að vinna ítarlegri greinargerðir um verkefnið til kynningar og dreifingar.

Mat barna fyrir skólaárin 2001 til 2003

Mat barnanna er gert eftir að hver hópur hefur lokið sínum áfanga. Matið er unnið þannig að hver hópur sest niður með þeim aðila/aðilum sem fylgdu þeim í Myndlistaskólann. Hópurinn er spurður nokkurra spurninga um upplifun sína á náminu. Svörin eru síðan skráð og sett inn í matið eins og hver einstaklingur setur fram sína upplifun. Við gerð skýrslunnar voru síðan sameinað mat allra hópanna á hverju skólaári.

Sjá meðfylgjandi töflur í fylgiskjölum í lok skýrslunnar

7. Áhrif verkefnisins 2001-2002

Kynningar á verkefninu

Mikill áhugi er á verkefninu meðal foreldra leikskólabarnanna og meðal leikskólakennara. Margrét H. Blöndal umsjónarmaður verkefnisins af hálfu Myndlistaskólans, sýndi myndir og flutti kynningarfyrirlestra um verkefnið í húsnæði Myndlistaskólans á vorönn 2004. Margrét hefur auk þess verið fengin til að kynna verkefnið á leikskólum.

Verkefnið hefur verið kynnt á Opnum Degi í Myndlistaskólanum, árið 2002 og 2003 auk þess sem verkefni Dvergasteinsbarna prýddu póstkort sem gefin voru út í tilefni af Opnum degi, bæði árin.

Ávinningur verkefnisins

Myndlistasýning í Vilnius

Vorið 2001 fór skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík til Litháen ásamt einum kennara barnadeildar skólans og setti upp sýningu í Myndlistarskóla Jurate Stauskaite í miðborg Vilnius, á verkum nemenda í unglingadeildar skólans og á verkum Dvergasteinsbarnanna. Var samstarfsverkefnið kynnt fyrir skólastjóra skólans í Vilnius og kennurum hans. Verkefnið var valið til sýningarinnar vegna þess að þarna er um spennandi tilraun að ræða sem vert er að vekja athygli á og ánægjulegt að geta miðlað.

Sýningin var fyrsta skrefið í samstarfi Myndlistaskólans í Reykjavík og Myndlistaskóla Jurate Stauskaite og var næsta skref tekið í mars 2002 þegar fulltrúar frá skólanum í Vilnius komu til Reykjavíkur og settu upp sýningu á verkum barnadeildar hans í húsnæði skólans að Hringbraut og kynntu starfsemi skólans í Vilnius.

Við það tækifæri kom fram að í vetur hefur verið boðið upp á kennslu fyrir 4 og 5 ára börn í Myndlistarskóla Jurate Stauskaite í Vilnius, sem er nýtt í skólastarfinu þar og er til komið beinlínis vegna áhrifa frá Myndlistaskólanum í Reykjavík.

Því má fullyrða að áhrifa verkefnisins gæti nú þegar víða.

Haustið 2002 höfðu þeir aðilar sem stóðu að verkefninu tækifæri á að kynna það á málþingi Kennaraháskóla Íslands, sem fjallaði um nýbreytni í skólastarfi. Margrét H. Blöndal og Jóhanna Ragnarsdóttir, verkefnastjórar sáu um þessa kynningu, sem fór fram bæði í máli og myndum. Málþing þetta var vel sótt af skólafólki af hinum ýmsu skólastigum og fékk kynning þessi mjög góðar viðtökur.

Myndlistaskólinn í Reykjavík hefur einnig vakið athygli Kennaraháskóla Íslands, Leikskólaskor, á verkefninu, því möguleikar á að kynna vinnubrögð listaskólans fyrir nemum á leikskólaskor er opinn og sjálfsagður af hálfu Myndlistaskólans og gæti skapað athyglisverða umræðu um skapandi nám á leikskólastigi innan deildarinnar.

Örnu H. Jónsdóttur, lektor við Kennaraháskóla Íslands, var boðið að heimsækja Myndlistaskólann og var henni við það tækifæri kynnt samstarfsverkefnið.

Myndlistaskólinn þjálfar nú fleiri kennara til að takast á við kennslu 3ja -5 ára barna í anda samstarfsverkefnisins. Á haustönn 2004 var í fyrsta skipti boðið upp á námskeið innan Myndlistaskólans fyrir 3ja -5 ára, á opnu námskeiði.

Þegar verkefnið þróaðist áfram varð áleitnari sú hugsun innan Myndlistaskólans að nauðsynlegt væri að draga fram þá nálgun sem kennarar skólans viðhafa, gera þær sýnilegar og leggja með því orð í belg í umræðum um nám/kennslu og listræna nálgun almennt innan skólakerfisins.

Í Myndlistaskólanum skapaðist mikill áhugi fyrir að skilgreina nánar þá þætti sem ganga sem rauðir þræðir í gegnum kennslu á öllum stigum Myndlistaskólans og nýtast í kennslu 3ja ára barna jafnt og 17 ára unglinga og sjötugra öldunga í fullorðinsfræðslu.

Eins og fram hefur komið er nálgun Myndlistaskólans ekki einstök, hún eru viðhöfð með tilbrigðum innan flestra listaskóla í Evrópu og Ameríku og víðar.

SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA

Þeir myndlistamenn/hönnuðir sem hafa kennt við skólann, hafa allir stundað framhaldsnám í listaskólum Evrópu og Ameríku og af sjálfstæðri vinnu að listrænum verkefnum á eigin verkstæðum. Þetta hefur því í ríkum mæli mótað kennslu innan Myndlistaskólans.

Í ljósi alls þessa réðst Myndlistaskólinn í Reykjavík í það stóra verkefni að móta verkefni sem fjallaði um slíka skilgreiningu – eða rannsókn - og sótti um styrk í Leonardo da Vinci áætlun Evrópusambandsins, til að vinna verkefni þar sem þessi nálgun við nám/kennslu eru skoðaðar og skilgreindar (sjá meðfylgjandi kynningu á verkefninu KNOWHOW-verklag). Stefnt er að opnun heimasíðu verkefnisins í janúar n.k..

Styrkur fékkst til að vinna verkefnið, en Myndlistaskólinn bauð 5 listaskólum í Evrópu að taka þátt. Verkefnið hófst formlega í nóvember 2004. Rannsóknarvinna á verkstæðum listaskólanna mun að miklu leyti snúast um keramikverkstæði þáttökuskólanna, en einnig aðrar deildir skólanna, þ.á m. verður kennsla við barna-unglingadeild Myndlistaskólans skoðuð. Verkefnið verður unnið á 30 mánaða tímabili.

Á verkstæðum listaskóla byggir kennslufræðin á til þess að gera einföldum grunnþáttum miðlunar/ samskipta milli nemanda og leiðbeinanda. Til að þessi miðlun/samskipti feli í sér frjómagn þarf leiðbeinandi að búa yfir víðtækri þekkingu hvað varðar ferlið “frá hugmynd til verks” og varðandi persónuleg tengsl gerandans við viðfangsefnið og þann miðil sem unnið er með. Listaskólar hafa þekkt og notað þessa nálgun og byggt með henni upp öryggi nemenda og ýtt undir sjálfstæða hugsun, þjálfað skapandi vinnubrögð við hugmyndavinnu og við öflun faglegrar og fræðilegrar þekkingar.

Það er sannfæring þeirra sem að verkefninu KNOWHOW standa að þessi leið listaskólanna til virkjunar skapandi ímyndunarafls geti nýst með margvíslegum hætti á öllum stigum menntunar, á grunnskólastigi, framhaldsskólastigi, í fullorðinsfræðslu og á háskólastigi (texti Þ.S.) .

SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA





8. Lokaorð

Í upphafi verkefnisins voru sett fram markmið þau sem tíunduð eru í upphafi þessarar skýrslu. Það er mat okkar sem höfum unnið að verkefninu að þau hafi verið raunsæ og að tekist hafi að fylgja þeim eftir.

Í skýrslunni koma fram dæmi um þær leiðir sem farnar hafa verið til að opna augu barnanna fyrir daglegu umhverfi sínu og heimi myndlistarinnar, til að tengja starf skólanna tveggja, til að veita starfsfólki innsýn í aðferðir listaskólans jafnframt því að aðlaga kennsluaðferðir Myndlistaskólans að svo ungum nemendum.

Kennslan hvetur nemandann til að skerpa næmi og athygli gagnvart umhverfi sínu, hvort sem um er að ræða umhverfi daglegs lífs, námsumhverfi eða aðrar aðstæður. Sá hvati hefur í tilfelli samstarfsverkefnisins milli leikskólans Dvergasteins og Myndlistaskólans í Reykjavík skilað sér með margvíslegum hætti eins og m. a. kemur fram í kaflanum um áhrif verkefnisins inn í leikskólann. Verkefnið hefur auk þess átt þátt í að auka meðvitund innan Myndlistaskólans um gildi þessarar afstöðu til kennslu/náms og vakið hugmyndir um að það megi hugsanlega nýta þær í stærra samhengi, eins og m.a. kemur fram í kaflanum um áhrif verkefnisins innan Myndlistaskólans.

SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA

Það er mat okkar sem að verkefninu höfum staðið að upplifun - svipuð þeirri og fram kemur í þeirri litlu sögu sem greinargerðinni lýkur á, megi beinlínis rekja til samstarfsverkefnisins. Þessi saga er aðeins ein af ótal mörgum sem við geymum með okkur. Verkefnið hefur gefið báðum skólum, hvorum með sínum hætti, tækifæri til að þróa með sér og draga fram mikilvægi þeirrar afstöðu til náms sem listaskólar eins og Myndlistaskólinn í Reykjavík nýta í kennslu.

Að lokum litla dæmisagan úr daglegu lífi leikskólans:

Börnin eru í leiðangri með kennara sínum en áður en heim í leikskóla er haldið á ný gefst tækifæri til að skoða fleira, því úthaldið til að skoða reynist vera drjúgt. Við börnunum blasa stór og flókin málverk þar sem skærir litir og óróleg, jafnvel árásargjörn, myndasögufrásögnin er í fyrirrúmi. Í fyrstu á leikskólakennarinn jafnvel von á að verkin hafi æsandi áhrif á börnin, að þau muni missa stjórn á sér gagnvart svo sterkri tjáningu. En þau taka þá upp á því að skoða einstaka litatóna innan hvers verks, mismunandi bláa, fjólubláa, grænbláa, ljósbláa, eða dökkbláa tóna og uppgötva fjölbreytileika litanotkunar viðkomandi höfundar. Taka síðan til við að skoða tóna rauða litarins. Hafa orðaforða til að ræða samsvaranir og litbrigði og vísa á eðlilegan og opinskáan hátt í umhverfi sitt og náttúru, liti himins og hafs. Þau eru fær um að tengja upplifanir sínar á hinn fjölbreytilegasta hátt.

Leikskólinn Dvergasteinn

Seljavegi 12, 101 Reykjavík

Elín Mjöll Jónasdóttir, leikskólastjóri Dvergasteins

Jóhanna Ragnarsdóttir, verkefnastjóri og deildarstjóri á Dvergasteini

Netfang: dvergasteinn@leikskolar.rvk.is

Heimasíða: mentor.is Leikskóla- Dvergasteinn

Myndlistaskólinn í Reykjavík

Hringbraut 121, 101 Reykjavík

Þóra Sigurðardóttir, skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík

Margrét H. Blöndal, verkefnastjóri og myndlistarkennari í

Myndlistaskólanum í Reykjavík

Netfang: mynd@myndlistaskolinn.is

Heimasíða: www.myndlistaskolinn.is

www.knowhow.is

SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA



SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA




SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA



SAMSTARF MYNDLISTASKÓLA OG LEIKSKÓLA





Verkefni

- við máluðum fugla
- við leinuðum
- lituðum blóm
- lituðum með litum
- við lituðum með málingu og sérstökum krítum
- lituðum eldgos og jarðskjálfta

- Kennarinn heitir Margrét
- Margrét er skemmtileg
- Hún kenndi okkur að nota augun vel og horfa á allt í kringum okkur og hlusta vel.
- Við sáum mörg listaverk og myndir á veggjunum.
- Við skoðuðum lista-bækur
- Við vorum nemendur í skólanum, yngstu nemendurnir og það var fullt af stórum nemendum.

Myndlistarskólinn veturinn 2000 - 2001

Efniviður

- þurrrífar
- vatnslitir
- trélitir
- klessulitir
- krífar
- fagri Blakkur
- vatn
- lím
- penslar
- blöð
- bréf
- límband
- svampar
- skæri

- Við sáum hamstur
 - leðurblöðku
 - bein úr fiski
 - bein úr hesti
 - bein úr beinagrind
 - glerbrot
 - steinar
 - hlutir
 - demantar

- Við sáum stórt fólk að vinna listaverk.
- Gera fullta af leir og teikna annað fólk

- Allt gaman
 - skemmtilegt
 - skemmtilegast að leira
 - allt var skemmtilegt
- Ekkert var leiðinlegt

Við vorum að

- lita
- teikna og gera flögg og fána
- mála
- tússlitir
- kaktusar og blóm
- krumminn og fuglar
- tröppur
- myndir á veggjunum eftri myndlistafólkíð
- skúlpúrar
- rör
- fórum framhjá lyftu

Myndlistarskólinn veturinn 2000 - 2001

- mamma mín
- kexkökur
- vatn / te
- Sigurjón segir alltaf bless við Týnd
- leir
- Margrét
- allir myndlistanemarnir
- allir kennararnir
- Margrét gaf okkur steina
- við búum sjálf til skúlpúra úr vírum

Skemmtilegast

- búa til jarðskjálftann og eldgosið
- klipptum blaðið og lituðum með “Fagra blakki”
- skúlpúrnir
- að brjóta litina
- að mála skyssur
- að teikna fuglinn

Ekkert leiðinlegt

- vírar
- “Fagri Blakkur” svartí litur
- silkipappír
- sykurrappír
- gulur = sólin
- rauður = rósin
- grænn = grasið
- blár = sjórinn og himininn

Leikskólinn Dvergasteinn

Verkefni

- Bleikur litur, gulur, allskonar
- Blönduðum liti
- Fengum liti
- Hnoða leir og gera skúlpúra
- Klippa myndir og líma á blað
- Kreistum svamp svo kæmi meira vatn
- Leiruðum
- Límdum
- Mála
- Máluðum m/pensli
- Skoðuðum steina sem glömpuðu
- Spítur og máluðum á
- Við gerðum eldfjall
- Við máluðum blóm
- Við máluðum með grænum lit
- Við notuðum lím til að festa
- Við notuðum svartan lit
- Við notuðum vatn

Annað sem við sáum.

- 1. nemandi sem fæddist í útlöndum
- stórir nemendur, þekktum þau ekki
- skoðuðum sýningu
- fórum í skoðunarferð

Hvað sáum við á leiðinni?

- Margréti
- Sáum skuggann af okkur
- Kúlustein rúllandi í vatni í glugga
- Við hittum Sigurjón, hann er svo góður
- Sigurjón húsvörður
- Við hittum aðra nemendur
- Við hittum Þóru, skólastjóra, hún er mamma Emils
- Mamma hans Emils heitir Þóra og er skólastjóri

Mat barna

Hvað sjáum við út um GLUGGANN “góða”?

- Akranes – ljós
- Bíla
- Bláan himinn
- Blár, hvítur, bleikur
- Borgina með ljós
- Eitthvað hvítt
- Esjuna
- Esjuna, ský, fugla á flugi, skip, öldur, hús og bíla
- Eyja
- Fugla að synda
- Fjöruna, sker og krabba
- Fugla að kafa
- Fugla sem syngja
- Gras við sjáum myrkur og jóla ljós
- Hafið blátt
- Hús
- Hús, bílar,
- Hvítar hvissandi öldur
- Kannski KEIKO
- Myrkur og jóla ljós
- Regnboga og marga liti í sjónum
- Sjó
- Sjónn hreyfast
- Sjórinn var grænn
- Steinar í sjónum
- Við sjáum myrkur og jóla ljós
- Vötn

veturinn 2001 - 2002

Hvaða efnivið unnum við með?

- Blöð
- Stór blöð
- Hvít blöð
- Harðan pappír
- “Fagri blakkur”
- Blýantar
- Fagri blakkur – þá varð rautt fjólublátt
- Fara í skyrtur
- Hart sem er langt og mjótt
- Kassalagaðir litir (krítar)
- Krítar
- Krítar til að lita með
- Leir
- Lím
- Límband
- Líti
- Málning
- Olía
- Pappír
- Pappír, harður pappír
- Pennslar
- Skæri
- Skæri Blöð
- Skeið
- Spjald
- Stangir
- Strokleður
- Svamp vatn pensla Málningu
- Vatnsliti

Hvað var gaman?
• Að koma við fuglana • Að teikna fuglana á blað • Allt skemmtilegt • Drukum TE og borðuðum með stóru nemendunum og kennurunum • Ekkert leiðinlegt • Langar aftur það var svo gaman • Langar aftur, það var allt svo gaman • Lita • Margrét kom með tösku með dóti, sem hún tók upp og sýndi okkur, þá var gaman • Margrét skemmtieg • Margrét skemmtileg • Mála • Mæla tásur, hvað það væru stóra • Skemmtilegt að gera fuglana • Skoða fuglana • Stórar konur með svuntur búa til tásur úr leir • Teikna • teikna • Teikna tásur • Við sáum fullorðið fólk teikna • Við sáum þóru skólastjóra • Langar aftur, það var svo gaman

Það sem við skoðuðum áður en við byrjuðum að mála.
• Alvöru beinagrind • Alvöru dauð leðurblaðka • Bók • Bók í myndvarpa á bókasafninu • Bækur og tré • Fugla – Uglur • Fugla, hesta, steina og tígrisdýr • Hauskúpu • Hænur – hana – tígrisdýr • Krumma – hænu – rjúpu – önd - uglu • Listaverk efir aðra nemendur • Plat beinagrind • Skoðuðum myndir á veggjunum – bara labba fallega ekki troðast • Skúptúra og blóm • Steina með götum, mjúka – harða – stóra og litla, feita og mjóa • Útsýnið úr gluggangum

Hvað var ekki gaman “leiðinlegt”
• Allt var gaman ekkert leiðinlegt Sorglegt • TÝNDUR er dáinn • Hann var mjög veikur en okkur fannst gott að hann dó því hann var svo voðalega mikið veikur • Þá hætti hann að kveljast • TÝNDUR lifir á himnum • NEI, hamstrar fara ekki til himna

Hvað var s

Annað
• Konurmar ekki með endurskinsmerki • Endurskinsmerki • Margrét sá okkur af því við vorum með endurskinsmerki

Leikskólinn Dvergasteinn

Mat barna

veturinn 2001 - 2002

Verkefni

- Blanda liti með málingu
- Búa til eitthvað
- Hús og skúlpúturar
- Leira > leirstofa
- Leirinn varð hvítur
- Leiðrofnur, leirinn settur í
- Mála
- Myndlistaverk
- Pússa m/svampi og tusku og bursta
- Skúlpútur
- Þrifa borð
- Leira fætur á Ara
- Skoða dýrin, ballerínufuglana í bókinni
- Fjársjóður

Annað sem við sáum.

- Aðra nemendur
- Ein stelpa m/teyju
- Einn maður með skegg
- Margrét kennari
- Ari
- Myndir á veggjunum
- Sigga Vala systir mín
- Sigurjón
- Þóra skólastjóri

Hvað sjáum við út um GLUGGANN “góða”?

- Bátar
- Bíla
- Borgina
- Eitthvað hvítt
- Esja
- Esjan
- Eyja
- Eyju
- Fjallið sem jólasveinarnir eiga heima í
- Fjöll
- Fólkmennirnir
- Fuglar
- Hús
- Japan
- Kanske KEIKÓ
- Sjóinn hreyfast
- Sjórinn
- Snæfellsjökull
- Steinar við sjóinn
- Trukkur
- Vestmannaeyjar
- Viðey
- Vötn
- Yfir sjóinn

Hvaða efni við unnum við með?

- Blað (allskonar)
- Blyantur
- Blöð
- Harðan pappír
- Hart og mjótt
- Hvít blöð
- Kritt
- Kubbar
- Kubbar eins og dekk
- Leir
- Litir
- Lím
- Málingu
- Olía
- Rúllur m/götum
- Spjald
- Stór blöð

Hvað var gaman?

- Líma
- Leirinn
- Spjall v/Margréti
- Teikna
- Margrét
- Aðrir nemendur
- Aðrir kennarar
- Verkin á veggjunum
- Mála m/krít
- Leira
- Mála og lita
- Skoðunarferðir
- Skoða myndir
- Sigga Vala átti eina
- Á kaffistofunni og fengum te og piparkökur og vatn
- Mála myndir og teikna
- Lita og mála
- Gaman að búa til seli

Það sem við skoðuðum áður en við byrjuðum að mála.

- Alvöru beinagrind
- Alvöru dauð leðurblaðka
- Bók
- Bók í myndvarpa á bókasafninu
- Bækur og tré
- Fugla – Uglur
- Fugla, hesta, steina og tigrisdýr
- Hauskúpu
- Hænur – hana – tigrisdýr
- Krumma – hænu – rjúpu – önd - uglu
- Listaverk efir aðra nemendur
- Plat beinagrind
- Skoðuðum myndir á veggjunum – bara labba fallega ekki troðast
- Skúlpúta og blóm
- Steina með götum, mjúka – harða – stóra og litla, feita og mjóa
- Útsýnið úr gluggangum

Á leiðinni

- Vetur
- Vindur
- Kalt
- Sól
- Dimmt þegar við fórum, bjart á heimleiðinni
- Rigning
- Geislinn var aðeins uppi á sólinni

Annað

- Þrifa borð
- Þvo hendur
- Þvo málingardrullu



Verkefnið var styrkt af:
Próunarsjóði Dagvistar barna, Reykjavíkurborg.
Próunarsjóði Leikskólans, Menntamálaráðuneyti.

Framlög frá:
Leikskólanum Dvergasteini.
Myndlistaskólanum í Reykjavík.

Leikskólinn Dvergasteinn

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK